

| | |
|---------------------|---------------------|
| Fundarnúmer: | 98 |
| Dagsetning: | 12.03.2008 |
| Tími: | 16:00 |
| Staður: | Fundarsalur Ráðhúss |

98. Fundur.

Miðvikudaginn 12. mars 2008 kl. 16:00 kom fræðsluráð Húnaþings vestra saman til 98. fundar í fundarsal Ráðhúss. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðræður við skólastjóra grunnskóla.

Afgreiðslur:

1. Ágúst F. Jakobsson, skólastjóri kynnti fræðsluráði drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2008-2009. Skóladagatalið hefur verið kynnt starfsfólki en skólastjórnendur munu vinna frekar að gerð þess ásamt fræðsluráði. Skólastjóri kynnti drög að endurskoðaðri endurmenntunarstefnu fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra, en endurmenntunarstefnan er hluti námsskrár skólans og verður sett inn í námsskrána fyrir skólaárið 2008-2009. Skólastjóri kynnti yfirlit um rekstrarniðurstöðu skólans miðað við fjárhagsáætlun ársins 2007 en samkvæmt því er um að ræða rekstrarafgang kr. 5,8 millj. Yfirlitið er lagt fram með fyrirvara um endurskoðun löggilts endurskoðanda. Jafnframt lagði skólastjóri fram yfirlit um rekstraráætlun ársins 2008 sbr. fjárhagsáætlun sem sveitarstjórn samþykkti í desember sl. Fræðsluráð lýsir yfir mikilli ánægju með niðurstöðu rekstrar grunnskólans á sl. ári. Ágúst dreifði skorkorti skólans fyrir skólaárið 2007-2008. Yfirfara þarf skorkortið þannig að unnt verði að koma því inn í námsskrá skólans fyrri skólaárið 2008-2009. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:30.

Hannes Þór Pétursson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Gunnar Þorgeirsson(sign.), Guðrún E. Benónýsdóttir(sign.),
Ragnheiður Sveinsdóttir(sign.), Gísli Már Arnarson(sign.),
S. Kristín Eggertsdóttir(sign.), Guðmundur Ísfeld(sign.).